

Skýrsla æskulýðsdeildar Brimfaxes 2013



Æskulýðsnefnd:

Jóhanna Harðardóttir formaður

Sunneva Ævarsdóttir

Guðlaug Björk Klemenzdóttir

Vetrarstarfið hjá okkur hófst með hestadegi Brimfaxes þann 2. febrúar. Þar var vetrarstarfið kynnt og gestir og gangandi gátu fræðst um íslenska hestinn. Allir sem vildu fengu að fara á hestbak, og veitingar voru á boðstólum.

Páskabingó var haldið 25. mars. Var það mjög vel sótt og fóru margir út með glæsilega vinninga



Brimfaxi hélt sitt fyrsta barnasmalamót þann 2 mars og var þar margt um manninn. 20 krakkar kepptu í polla- og barnaflokki og var keppnin á köflum æsispennandi. Krakkarnir í pollaflokki fengu öll viðurkenningu, en krakkarnir í barnaflokki kepptu á tíma og var þeim raðað í sæti. Auðvitað voru veitingar í boði og var ekki annað að sjá en að allir færu brosandi heim.





Þann 21. apríl var farið í reiðtúrinn Ferð á feti. Þessi reiðtúr er hugsaður fyrir okkar allra yngstu knapa sem fengu að fara í góðan reiðtúr á feti. Foreldrar voru auðvitað velkomnir með, bæði ríðandi og gangandi, þátttaka var með ágætum og eftir reiðtúrinn fóru krakkarnir í nokkra leiki og fengu síðan ís.



Reiðnámskeið var haldið fyrir börn og unglinga í apríl og var Cora J Claas reiðkennari. Nemendur voru á aldrinum 3 ára og uppúr.



Tölmót Brimfaxes var haldið í maí og voru krakkarnir dugleg að mæta og keppa, en keppt var í pollaflokki og barnaflokki. Að keppni lokinni fengu allir pylsur og gos.



Hætt var við óvissuferð æskulýðsdeildarinnar sem vera átti í maí vegna dræmrar þátttöku.

Í júní, júlí og ágúst voru reiðnámskeið haldin af Arctic Horses. Arctic Horses er samstarfsaðili Brimfaxes í námskeiðshaldi og voru öll námskeið fullbókuð. Svo virðist sem alltaf sé áhugi fyrir reiðkennslu og fræðslu.

Framundan eru spennandi tímar hjá Brimfaxes. Áætlað er að reiðhöllin okkar verði tilbúin á næsta ári en hún er nú fohled. Opnast þá möguleikar fyrir æskulýðsnefnd til að bjóða upp á atburði og fræðslu um hesta og hestamennsku fyrir hina ungu knapa félagsins.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Brimfaxes

Jóhanna Harðardóttir

